

Laugardaginn 18. janúar 1992.

Nr. 9/1992.

Skipatækni hf.

gegn

Sigurði Ingvasyni.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. desember 1991 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kærana sendi yfirborgardómari inn í Reykjavík til Hæstaréttar með erindi 30. desember 1991, er barst réttinum 6. janúar 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Af hálfu varnaraðila var ekki sótt þing í málinu við þingfestingu þess á bæjarþingi Reykjavíkur 17. september 1991, en málið var þá dómtekið. Í fyrrgreindu erindi yfirborgardómara segir, að skömmu eftir þingfestinguna hafi embætti sínu borist bréf frá Árna Vilhjálmssyni hæstaréttarlögmanni, sem ritað var 17. september, í tilefni af henni. Fylgdi því ljósrit af bréfi, er lögmaður sóknaraðila hafði ritað varnaraðila 28. mars 1991 vegna sakarefnis máls þessa, að tilteknu heimilisfangi í Svíþjóð. Í bréfi Árna var því haldið fram með vísan til síðarnefnda bréfsins, að sóknaraðila væri kunnugt um heimili varnaraðila. Væri stefnubirting í málinu því ólögleg, svo að því bæri að vísa frá dómi ex officio.

Bréf þessi hefur yfirborgardómari sent Hæstarétti ásamt skjölum málsins, og kveðst hann jafnframt hafa tilkynnt Árna Vilhjálmssyni um kærana. Frá honum eða varnaraðila sjálfum hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

Í greinargerð sóknaraðila segir meðal annars, að reynt hafi verið við undirbúning málsóknar á hendur varnaraðila að hafa uppi á lögheimili eða dvalarstað hans í útlöndum. Hafi lögmanni sóknaraðila borist óstaðfestar upplýsingar um heimilisfang í Svíþjóð og

hann sent þangað bréf til varnaraðila, sem ekki var svarað. Þegar engra viðbragða varð vart frá varnaraðila, hafi lögmaðurinn leitað til Hagstofu Íslands og fengið þær upplýsingar, að henni væri ókunnugt um heimilisfesti varnaraðila, eins og síðar hafi verið staðfest með því vottorði stofnunarinnar, sem tilfært er í hinum kærða dómi. Sóknaraðili telur, að ekki liggi fyrir, að úrskurður Hagstofunnar árið 1957 um lögheimili varnaraðila í Svíþjóð hafi verið studdur tilkynningu frá honum sjálfum. Hann kveður það hafa fylgt fyrrgreindum upplýsingum, að varnaraðili hefði með höndum tímabundin verkefni utan Svíþjóðar og væri tíðum á ferðalögum. Hann kveður sér og ókunnugt um fjölskylduhagi varnaraðila. Loks telur sóknaraðili ljóst af atvikum, að varnaraðila hafi verið kunnugt um höfðun málsins.

Samkvæmt þágildandi ákvæðum 6. gr. laga nr. 73/1952 um tilkynningar aðsetursskipta hvíldi sú skylda á varnaraðila á árinu 1957, ef hann var þá að taka sér bólfestu erlendis, að tilkynna það sveitarstjórn í því umdæmi hér á landi, sem hann var að flytjast úr. Með hliðsjón af þessu og þeim upplýsingum, er sóknaraðili hafði undir höndum, hafði hann tilefni til að kanna, hvort varnaraðili ætti heimili sitt í Svíþjóð.

Hinn 5. desember 1968 gerðu Norðurlandapjóðir með sér milliríkjasamning um almannaskráningu, er öðlaðist gildi 1. október 1969, eins og til er vitnað í hinum kærða dómi. Hefur hann nú verið leystur af hólmi með nýjum Norðurlandasamningi um sama efni, er gerður var 8. maí 1989 og öðlaðist gildi 1. október 1990, sbr. auglýsingu nr. 13/1990. Samningi þessum er ætlað að auðvelda almannaskráningu í aðildarlöndunum. Beinist aðalefni hans að því, hversu með skuli fara, þegar maður flyst úr einu landinu í annað til að taka þar upp búsetu, en ekki er mælt fyrir um upplýsingaskipti við síðari búferlaflutning innan nýja dvalarlandsins. Tilvist samningsins gerir hægra um en ella að leita upplýsinga um heimili íslenskra ríkisborgara, er flust hafa til einhvers Norðurlandanna, en honum er ekki ætlað að tryggja, að skrár íslenskra yfirvalda séu jafngóð heimild í því efni og skrár í búsetulandinu sjálfu. Sú krafa er og ekki gerð til íslenskra skráningaryfirvalda að gildandi landslögum, að þau fylgist til hlítar með heimilisfesti þeirra ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis á hverjum tíma.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn kærða frá-
vísunardóm með skírskotun til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. september 1991, er höfðað fyrir bæjar-
þinginu með stefnu, birtri í Lögbingingablaðinu 9. ágúst 1991, af Skipa-
tækni hf., kt. 420675-0389, Grensásvegi 13, Reykjavík, á hendur Sigurði
Ingvasyni, kt. 260826-2399, með óþekktu heimilisfangi, en talinn vera í
Svíþjóð, til að þola dóm samkvæmt dómkröfum stefnanda, svo sem þeim
er lýst hér að neðan.

Dómkröfur. Ómerking ummæla.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að eftirfarandi ummæli stefnda, sem
auðkennd eru með feitletrun, verði dæmd dauð og ómerk, sbr. 1. mgr.
241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940:

a. Birt á Stöð 2 8. mars 1991:

Sigurður segir, að það skip, sem fyrirhugað er að smíða, sé stórgallað
og hættulegt, sannkölluð manndrápsfleyta, eins og hann sjálfur orðar það.

b. Flutt á Bylgjunni, — hádegisfréttir 9. mars 1991:

Hann segir jafnframt, að nýja Vestmannaeyjaferjan sé manndrápsfleyta.

c. Flutt í Ríkisútvarpinu — kvöldfréttir 9. mars 1991:

Sigurður segir, að Skipatækni hafi notað útfærslu hans varðandi frágang
við skrófu skipsins. Hann hafi sýnt teikningar af þeirri hönnun á fundi
með stjórnarmönnum Herjólfss og forsvarsmönnum Skipatækni fyrir 2
árum gegn lofordi um, að þær yrðu ekki notaðar nema að fengnu leyfi.
Þetta hafi Skipatækni svikið.

d. Birt á Stöð 2 9. mars 1991:

Sigurður segir í samtali við Stöð 2 í gær, að hönnuðir ferjunnar hefðu
tekið einkaleyfi hans ófrjálsri hendi.

e. Flutt á Bylgjunni 14. mars 1991:

Hann segir einnig, að viðskipti í Skipatækni, sem hannaði skipið, og
skipasmíðastöðvarinnar Flekkefjord í Noregi, sem á að smíða skipið, séu
í fyllsta máta óeðlileg. Fyrir utan stuldina á hugmyndum sínum gerir hann
athugasemdir við, að stál í stefndi skipsins sé of þunnt og vélar þess of
stórar.

f. Flutt í Ríkisútvarpinu, — kvöldfréttir 14. mars 1991:

Þú hefur einnig gert ýmsar athugasemdir við þessa ferju, eins og hún liggur núna fyrir, hönnunina á henni, og sagt, að hún sé lífshættuleg. Að mörgu leyti er hún það, og þessa teikning, sem ég hef áður, en það getur verið (sic), að þeir hafi breytt einhverju, sem ég ekki þekki til í dag, en þá hafa þeir verið að taka athugasemdir, sem ég hefji gert á þessu skipi, en ég álit þrátt fyrir allt, að þetta skip er slæmt, og ég álit, að þetta skip er of dýrt, og ég álit, að þetta skip er hönnunarrugl.

g. Birt á Stöð 2 14. mars 1991:

Sigurður telur, að skipið sé illa hannað og stórhættulegt. Það verði of dýrt og óhagkvæmt í rekstri, og hann segir, að svo virðist sem allt kapp sé lagt á, að skipið verði smíðað hjá ákveðinni skipasmíðastöð í Noregi, og reynt sé að þrýsta málinu í gegn í miklum flýti fyrir kosningar. Ef ég ekki get fengið það fram, að öll þau einkaleyfi, sem notuð eru í hönnun skipsins, að þá (sic) verð ég að fara fram á lögban á skipinu, vegna þess að ég ætla mér ekki að láta tækni mína koma í skip, sem ég álit vera illa hannað. Þetta skip er stórhættulegt að mínu mati, og þeir hafa að mörgu leyti viðurkennt það, vegna þess að eftir að ég hafði bent á, að skipið væri óstöðugt, þá breikkuðu þeir skipið frá 15-16 metrum. Ein spurning er bara: Er þetta nóg? Þar að auki er skipið með stóru opnu stykki, hliði að framan, 6 metra á breidd. Það þýðir, að hálfu stefnið að framan er laust, þó að það hangi á lömum og læsingum, en þá, þegar það fer í sjó með svakalegu afli á skipinu, 8.000 hestöflum, að þá getur verið þannig, að það raskist á (sic) og sjór komi inn á dekk...

Hann segir fleira athugasvert: Stál í stefni skipsins sé of þunnt, vélar séu allt of stórar og olíueyðsla verði þriðjung af mikil. Hann gerir ekki aðeins athugasemdir við hönnun skipsins, heldur einnig smíðasamninga. Öll vinnubrögð miða að því að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi. Það er verið að reyna að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi, það vitum við, — vegna þess að þeir hafa byggt öll skip, sem Skipatækni hefur gert.

Sigurður segir, að svo virðist sem öryggi skipsins skipti engu máli og það sé sama, hvað skipið kosti og hverju það eyði. Öllu skuli fórna til að þrýsta því í flýti í gegn fyrir alþingiskosningar.

h. Birt á Stöð 2 19. mars 1991:

Ég veit ekki, hvort þeir vilja flytja steypu milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, eins og þeir gera á Baldri á Breiðafirði, og leysa það á sama hátt. Það er ekki nógu gott. Þetta hefur ekki með skipahönnun Skipatækni að gera. Ég kalla þetta hönnunarrugl. Þá segir hann plötuþykkt í yfirbyggingu of litla. Svo er það, að skipið er rándýrt.

i. Birt í Morgunblaðinu 9. mars 1991:

Sigurður sagði ..., að hann hefði haft hugmyndir um smíði 79 metra

skips, sem hefðu síðan verið notaðar í styttra skip. Ég álit þetta skip vera hörmulegt, dýrt í smíðum, það þarf mikla orku og er stórhættulegt, því hlutföllin eru röng. Þeir nota tækni, sem ég hef verið að þróa í 15 ár, og mér líkar ekki, þegar verið er að stela frá mér.

j. Birt í Morgunblaðinu 16. mars 1991:

Sigurður segir, að þar séu sínar hugmyndir notaðar. Þar reyndu þeir að notfæra sér útfærslur, sem ég gerði á Esjunni... Menn verða að vita, hverju þeir eru að stela, til að geta notfært sér hlutina.

Sigurður sagði, að samkvæmt teikningum skipsins væri það stórhættulegt. Það er ekki á allra færi að hanna skip. Hönnunin er hörmung.

Hann benti enn fremur á, að svo virtist sem alltaf hefði staðið til að byggja skipið hjá Flekkefjord í Noregi. ...en það er á hreinu, að tækni minni var stolið, og það sætti ég mig ekki við.

k. Birt í Morgunblaðinu 5. apríl 1991:

Fyrir allt þetta hönnunarrugl hafa íslenskir skattborgarar þurft að greiða milli 60-70 milljónir króna.

...ég tel hana hættulega, en það, sem ég vil, er, að öll sú tækni, sem tilheyrir einkaleyfum mínum, verði fjarlægð af þessu skipi...

1. Birt í DV 20. mars 1991:

...sá ég, að þeir höfðu stolið tækni frá mér, sem þeir höfðu lofað að gera ekki. Þeir höfðu lofað að virða mín einkaleyfi, en gerðu það ekki. Ef skipið verður byggt eftir þessum teikningum, verður það stórhættulegt.

Þeir hjá Skipatækni hf. hafa alla tíð reynt að stýra smíði nýs Herjólfss til Flekkefjord í Noregi, þar sem þeir hafa látið smíða 23 togara. Það er dálítið óheimarlegt og skrytið.

2. Refsikrafa. Stefnandi gerir enn fremur þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að þola þyngstu refsingu, sem landslög heimila, vegna framan-greindra aðdróttana og ærumeiðandi ummæla.

3. Skaðabætur. Stefnandi gerir enn fremur þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 10.000.000 kr. í skaðabætur auk 23% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 8. mars 1991 til 1. júlí 1991 og 27% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

4. Miskabætur. Stefnandi gerir enn fremur kröfur um, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.000.000 kr. í miskabætur auk 23% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

5. Krafa um kostnað vegna birtingar dóms.

Stefnandi gerir enn fremur þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins til að standa straum af birt-

ingu dómsins og niðurstöðu dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Málskostnaðarkrafa.

Að lokum gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi kveður málshöfðun þessa vera til komna sökum meinfýsinnar rógsherferðar stefnda gegn stefnanda. Stefnandi kveður forsögu málsins hafa verið þá, að sér hafi verið falin hönnun á smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju að beiðni stjórnar Herjólfss hf. og nefndar um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju, sem skipuð hafi verið af samgönguráðherra. Þá hafi stefnanda verið falið af hálfu sömu aðila að annast alþjóðlegt útboð á smíði hinnar nýju ferju.

Stefnandi kveður stefnda hafa komið hingað til lands, er niðurstaða útboðsins hafi legið ljós fyrir, og kynnt sjálfan sig sem heimsfrægan skipaarkitekt, og hafi hann hafið magnaða rógsherferð gegn stefnanda á opinberum vettvangi. Þannig hafi stefndi komið í útvarps-, sjónvarps- og blaðaviðtöl, auk þess sem hann hafi ritað eigin greinar í dagblöð, og slegið um sig með órökstuddum fullyrðingum, dylgjum og aðdróttunum í garð stefnanda máls þessa. Meginmarkmið hans hafi virst vera að sverta nafn stefnanda og gera verk hans ótrúverðug í augum þeirra, er ábyrgð hafi borið á ákvörðunarstað um smíði ferjunnar, og almennings.

Forsendur og niðurstöður.

Við þingfestingu málsins var ekki sótt þing af hálfu stefnda.

Stefndi er íslenskur ríkisborgari, og er málið rekið sem einkarefsimál á hendur honum í samræmi við 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Málið er því réttilega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 84. gr. laga nr. 85/1936.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, dagsett 4. september 1991, sem er svohljóðandi: „Hér með staðfestist samkvæmt beiðni, að Hagstofa Íslands úrskurðaði Sigurð Ingvason, kt. 260826-2399, með lögheimili í Svíþjóð frá og með 1. desember 1957, og hefur hann verið skráður þar síðan. Engin gögn eru nú tiltæk á Hagstofunni, sem sýni, hvar í Svíþjóð heimili Sigurðar hafi verið á árunum eftir 1957 eða hvort hann hafi þar enn fasta búsetu.“

Telja verður það megintilgang stefnubirtingar, að stefnda megi verða kunnugt um, að mál verði rekið á hendur honum og það þingfest á til-

teknum stað og tiltekinni stundu. Ákvæði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 er í samræmi við þennan tilgang, en ákvæðið hljóðar svo: „Nú er ókunnugt, hvar birta skuli eða birta skal óákveðnum mönnum, og skal þá stefna eða önnur tilkynning birt í auglýsingablaði landsstjórnarinnar.“

Hinn 1. október 1969 tók gildi samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu, samanber auglýsingu nr. 178 frá 22. september 1969 og 2. gr. laga nr. 16/1963 um breytingu á lögum nr. 73/1952 um tilkynningu aðsetursskipta. Á stefnda hvíldi því ekki skylda til að fá út gefið samnorrænt flutningsvottorð og upplýsa um fullt aðsetur sitt erlendis, er hann fluttist til Svíþjóðar 1957.

Ekki liggur fyrir í málinu, að stefnandi hafi leitað um það upplýsinga hjá utanríkisráðuneyti Íslands eða skráningaryfirvöldum í Svíþjóð, hvort stefndi hafi skráð lögheimili í Svíþjóð, og ef svo væri, hvert lögheimili hans er. Þá liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi gert tilraun til að birta stefnuna fyrir stefnda í Svíþjóð.

Samkvæmt framansögðu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að ókunnugt hafi verið, hvar birta skyldi stefnda stefnuna, í skilningi 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Telst birting stefnunnar í Lögbirtingablaðinu því ekki fullnægjandi stefnubirting.

Við þingfestingu lagði stefnandi fram 94. tbl. 84. árg. Lögbirtingablaðsins, sem gefið var út föstudaginn 9. ágúst 1991, og hefur það að geyma birtingu á stefnu þeirri, er málshöfðunin grundvallast á. Stefna, undirrituð af lögmanni stefnanda, hefur ekki verið lögð fram af hálfu stefnanda í málinu.

Þegar af þessum ástæðum þykir eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Sigurður T. Magnússon, ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.